

Fundargerð

Árið 2025, föstudaginn 12. desember kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrunn Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni (á Teams), Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 2. - 4. lið: Guðjón Bragason lögfræðingur.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir

21. og 27. nóvember

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir frá 21. og 27. nóvember 2025.

Fundargerðir frá 21. og 27. nóvember 2025 voru samþykktar án athugasemda.

2. Reglugerð um Jöfnunarsjóð og almenn framlög

Lögð var fram til kynningar og umræðu ný reglugerð um Jöfnunarsjóð. Gestur fundarins, Guðjón Bragason fór yfir reglugerð um Jöfnunarsjóð, leitast er við að setja ítarlegri ákvæði um starfsemi sjóðsins.

3. Starfsreglur ráðgjafarnefndar

Guðjón Bragason fór yfir nýjar starfsreglur ráðgjafarnefndar. Reglugerðin setji skýrari umgjörð um ráðgjafarnefnd með því að settar verði starfsreglur fyrir nefndina sem tilgreini framkvæmdaratriði sem ekki koma fram í reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin framlögð drög að starfsreglum.

Sameining sveitarfélaga

Nýtt viðmið – innviðauppbýgging

Guðjón Bragason fór yfir nýtt viðmið, innviðaframlag, sem ætlað er til uppbyggingar innviða. Viðmiðið er sett fram í tengslum við endurskoðun stjórnvaldsfyrirmæla um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Möguleg útfærsla á nýmæli í a-lið 5. gr. laga nr. 56/2025, þar sem heimilað er að veita sérstök framlög í allt að sjö ár frá sameiningu sveitarfélaga, m.a. í stuðning vegna innviðauppbýggingar.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fresta málinu og var starfsmönnum falið að vinna áfram.

Uppreikningur viðmiðunarfjárhæða

Lagðar voru fram vinnureglur um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 vegna undirbúnings og framkvæmd sameiningar sveitarfélaga frá því í júní 2024.

Lögð var fram tillaga að hækkun viðmiðunarfjárhæða framlaganna:

	Vinnureglur frá 2024	Uppfærðar fjárhæðir
Könnun á hagkvæmni		
2 sveitarfélög	12.500.000	13.550.000
Hvert svf. til viðbótar	3.100.000	3.350.000
Kynning á sameiningu		
Fast framlag fyrir hvert svf	2.500.000	2.700.000
Viðbótarframlag á hvern íbúa	1.240	1.340
Framkvæmd atkvæðagreiðslu		
Fast framlag fyrir hvern þéttbýliskjarna	500.000	550.000
Viðbótarframlag á hvern íbúa	620	670
Hámarksframlag sbr. 3. gr	62.000.000	67.200.000

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að hækka viðmiðunarfjárhæðirnar með eftirfarandi hætti.

Yfirlit sameininga 2025-2029

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir framlög vegna sameininga sveitarfélaga fyrir árin 2025-2029.

4. Greiðslu- og rekstraráætlun 2025

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2025. Áætlunin byggir á uppfærðum forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2025.

Óverulegar breytingar eru á áætluninni sem lögð var fram til kynningar 19. september. Samkvæmt fjárlögum ársins 2025 nema áætluð framlög í sjóðinn úr ríkissjóði 32.797 m.kr. og nemur áætluð hækkun því 631 m.kr. Gert er ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs nemi 1.288.168 m.kr. og að álagningarstofn útsvars næstliðins árs nemi 2.580.916 m.kr.

Í ljósi uppfærðrar greiðslu- og rekstraráætlunar ársins 2025 samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra hækkun á útgjaldajöfnunarframlögum um 400 m.kr. og fasteignaskattsframlög um 182,3 m.kr.

5. Greiðslu- og rekstraráætlun 2026

Lögð var fram til kynningar greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2026. Varðandi tekjur úr ríkissjóði er gert ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 1.373,8 ma.kr., áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2025 verði tæplega 2.791 ma.kr. og vegna framlaga vegna grunnskóla og fatlaðs fólks er gert ráð fyrir að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2026 verði tæplega 2.915 ma.kr.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina.

6. Vatnsveitur á lögbýlum

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög vegna veituframkvæmda á lögbýlum. Alls er um að ræða framlög til 20 vatnsveitna samtals að fjárhæð 26 m.kr.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og hún samþykkt.

7. Fjárhagsleg úttekt

Vopnafjarðarhreppur

Lagt var fram aðsent erindi frá Vopnafjarðarhreppi þar sem óskað er eftir sérstöku framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að ráða sérfræðing til að taka út rekstur sveitarfélagsins og koma með úrbótatillögur. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps barst nýlega bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem bent var á veikleika í rekstri A-hluta. Þann 24. nóvember sl. funduðu fulltrúar sveitarfélagsins með eftirlitsnefndinni þar sem farið var yfir erfiða fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið leitaði í kjölfarið til Björns Ingimarssonar, ráðgjafa og fyrrverandi sveitarstjóra í Langesbyggð og Múlaþingi, um að koma að fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins. Óskar Vopnafjarðarhreppur eftir 5 m.kr. framlagi vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar á rekstri sveitarfélagsins.

Að umræðu lokinni og að fenginni umsögn eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að veita Vopnafjarðarhreppi framlag að upphæð 5 m.kr.

8. Endanleg tekjujöfnunarframlög 2025

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. desember 2025, ásamt tillögu að endurskoðuðum útreikningi og úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttrar skrár um skatttekjur sveitarfélaga ásamt uppfærðu framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.

Á fundi ráðgjafarnefndar 22. ágúst sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2025. Til úthlutunar kom framlag að fjárhæð 1.400 m.kr. og komu $\frac{3}{4}$ hlutar framlagsins til greiðslu í nóvember eða samtals 1.050 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja tillögu til ráðherra um úthlutun endanlegra tekjujöfnunarframlaga 2025. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 350 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramótin.

9. Endanleg útgjaldajöfnunarframlög 2025

Ný áætlun um endanleg framlög á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 22. ágúst 2025 áætluð útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga árið 2025, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 17.000 m.kr. Í takt við uppfærða greiðslu- og rekstraráætlun ákvað nefndin að svigrúm væri til að hækka framlög ársins um 400 m.kr. fyrir árið 2025.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 16.615 m.kr. samkvæmt A-hluta og 785 m.kr. í B-hluta. Þar af er 575 m.kr. vegna skólaaksturs úr dreifbýli, 175 m.kr. viðbótarframlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli og 35 m.kr. vegna aksturþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2025. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 17.400 m.kr. á árinu 2025.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra endanleg útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2025 að fjárhæð 17.400 m.kr.

Viðbótarframlög vegna skólaaksturs

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 2. desember 2025, um viðbótarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018. Heildarfjárhæð framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli er áætluð 750 m.kr. á árinu 2025. Þar af eru 575 m.kr. sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum á grundvelli áætlanagerðar og 175 m.kr. koma til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2025 umfram áður áætluð framlög. Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2025. Umsóknir um viðbótarframlag eftir skerðingu eru að fjárhæð 710 m.kr. sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar, samtals 175 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun um viðbótarframlög vegna skólaaksturs á árinu 2025 að fjárhæð 175 m.kr.

Akstursþjónusta fatlaðra barna úr dreifbýli

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 2. desember 2025, varðandi áætlun um framlög vegna aksturþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli. Umsóknir

bárust frá 17 sveitarfélögum þar sem sótt er um samtals 32 leiðir og árlegur kostnaður er 70,2 m.kr. samanlagður. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að heildarframlag fyrir árið 2025 verði 35 m.kr. og hámarksframlag per km. verði 363 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna akstursþjónustu fatlaðra barna úr dreifbýli að fjárhæð 35 m.kr.

10. Framlög vegna eflingar tónlistarnáms

Tillaga að úthlutun framlaga – 7. grein

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 8. desember 2025, um eflingu tónlistarnáms skv. 7. gr. 2023-2024. Framlag á hvern nemanda fyrir skólaárið 2025-2026 er 651.393 kr. og eru samþykktar umsóknir fyrir 16 nemendur. Heildarupphæð framlagsins er því 10.422.291 kr. sem greitt verður í 12 jöfnum greiðslum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu að fjárhæð 10.422.291 kr.

11. Sérstök verkefni árið 2025

Lagt var fram til kynningar og yfirlit yfir sérstök verkefni á árinu 2025. Samtals er áætlað að framlögin nemi um 153 m.kr.

12. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT)

Áætlun framlaga vegna 2026

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 3. desember 2025, um áætluð framlög vegna íslenskukennslu á grundvelli 5. gr. reglugerðar, nr. 351/2002 um jöfnunarframlög sjóðsins til reksturs grunnskóla.

Í kjölfar samþykktar nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á Reykjavíkurborg nú rétt á framlögum vegna móðurmálkennslu frá og með árinu 2026 en borgin var áður undanskilin við útreikning framlaganna.

Framlögin byggja á fjölda nemenda í grunnskólum sem þurfa móðurmálskennslu vegna annars móðurmáls en Íslensku. Söfnun gagna um fjölda fer fram í samráði við verkefnastjóra í kennsluráðgjöf vegna innflytjenda á grunnskólaaldri hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Framlög á hvert barn nema 180 þúsund krónum og lækka um tæp 18% frá árinu 2025 þegar þau námu ríflega 218 þúsund krónum.

Fyrir árið 2026 bætast við 4.160 borgarbörn við þau 4.897 börn sem voru til grundvallar framlaga í framlögum ársins 2025. Eru því alls 9.057 börn að baki áætluninni. Fjárhæð framlaganna árið 2026 er áætluð 1.630 milljónir króna og hækkar úr 1.071 milljónum króna frá fyrra ári.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefnd áætlunina fyrir sitt leyti sem grundvöll greiðslna framlaga ársins 2026 fram að næstu áætlun sem ráðgerð er haustið 2026 að fjárhæð 1.630 m.kr.

13. Lengd viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda

Framlög 2025

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. desember 2025, varðandi lengda viðveru 2025.

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 240.000.000 kr. á árinu 2025 og er gert ráð fyrir að 187.200.000 kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 52.800.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um úthlutun framlaga vegna lengdrar viðveru fyrir árið 2025 að fjárhæð 240 m.kr.

14. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Lögð var fram 4. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks auk minnisblaðs starfsmanns sjóðsins er hana varðar. Að baki áætluninni standa 1.773 notendur, 1.435 fullorðnir og 338 börn. Til

samanburðar voru 1.687 notendur að baki þriðju áætlun ársins, þar af 293 börn. Heildarfjárhæð framlaganna nemur alls 40.220.000 þúsundum króna.

Ekki er um lokaáætlun ársins að ræða en til stendur að draga framlög mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna barna með fjölþættan vanda frá framlögum sjóðsins vegna sömu barna við endanlegan útreikning. Þær tölur liggja ekki fyrir að sinni og er því reiknað með að áætlunin verði tekin upp á nýjan leik í janúar og verði þá endanleg. Áætlunin nú er því lögð fram til að forðast ofgreiðslur til einstaka þjónustusvæða um málefni fatlaðs fólks í lokagreiðslum ársins.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefnd áætlunina fyrir sitt leyti sem grundvöll greiðslna framlaga ársins 2025 fram að næstu áætlun.

15. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Staða og horfur

Þá var lagt fram til kynningar og umfjöllunar öðru sinni, minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um stöðu og þróun NPA verkefnisins. Þjónustan hafi vaxið hratt á undanförunum árum bæði hvað varðar fjölda samninga og stærð þeirra.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fela starfsmönnum að ræða við félags- og húsnæðismálaráðuneytið ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga um stöðu mála.

16. Fasteignasjóður – úrbætur í aðgengismálum

Stofnframlög

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. desember 2025, vegna umsóknar Brákar hses. um stofnframlag með HMS.

Sótt er um á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 vegna kaupa á sex nýjum íbúðum á Hvolsvelli, sem ætlaðar eru fyrir öryrkja og fatlað fólk. Samkvæmt kaupsamningi nam heildarkaupverð íbúðanna 389.900.000 kr. HMS samþykkti umsóknina að hluta og nemur samþykkt stofnframlag alls að fjárhæð 86.823.704 kr. og er hlutur Jöfnunarsjóðs 20,75% samtals að fjárhæð 18.013.217 kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja stofnframlag til Brákar hses. að fjárhæð 18.013.217 kr.

Úrbætur í aðgengismálum

Garðabær

Byggingar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. desember 2025, vegna umsóknar Garðabæjar um framlag úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við sex byggingar í eigu sveitarfélagsins; grunnskóla, leikskóla og hjúkrunarheimili. Úrbæturnar fólust í uppsetningu á rafdrifnum hurðapumpum og rennihurð í byggingunum. Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 7.152.160 kr.

Framlög vegna úrbóta í aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna nr. 280/2021. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar er miðað við að heildarframlög til Garðabæjar geti numið 20.796.530 kr. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs vegna þessara framkvæmda nema 3.576.080 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 3.576.080 kr. vegna framkvæmdanna.

Sambýli

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. desember 2025, vegna umsóknar Garðabæjar um framlag úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við tvö sambýli, Móaflöt 24 og Sigurhæð 12, settar voru upp rólur við bæði sambýlin. Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 4.925.182 kr.

Framlög vegna úrbóta í aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna nr. 280/2021. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar er miðað við að heildarframlög til Garðabæjar geti numið 20.796.530 kr. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs vegna framkvæmdanna nema 2.462.591 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.462.591 kr. vegna framkvæmdanna.

Rangárþing eystra

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 8. desember 2025, vegna umsóknar Rangárþings eystra um framlag úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda til úrbóta við VISS, vinnu- og hæfingarstöð. Úrbæturnar voru m.a. útihurð skipt fyrir rennihurð, ramp við bílastæði, bæta aðgengi að bílastæðum að inngangi með snjóbræðslu og hanna útisvæðið meira í þágu fatlaðs fólks. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 18.277.000 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands á tímabilinu 2025-2026 geti numið 46.765.381 kr. Eyrnamerktu framlagi hefur verið skipt milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi. Hluttur Rangárþings eystra er því 3.458.082 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Framlag Fasteignasjóðs myndi nema hámarksframlagi að fjárhæð 3.458.082 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 3.458.082 kr. vegna framkvæmdanna.

Reykjavíkurborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 8. desember 2025, vegna umsóknar Reykjavíkurborgar um framlag úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna fjölmargra úrbóta í aðgengismálum sem gera húsnaði og borgarland Reykjavíkurborgar aðgengilegra. Framkvæmdirnar voru m.a. uppsetning á vegglyftum, rampur, sérklefar í sundlaugum, rafmagnsopnanri á hurðar, úrbætur á aðgengi við strætóbiðstöðvar o.fl. Alls er áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna 115 m.kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli a. og b. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2025-2026 geti numið 121.023.673 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 57,5 m.kr

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 57,5 m.kr. vegna framkvæmdanna.

Seltjarnarnesbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. desember 2025, vegna umsóknar Seltjarnarness um framlag úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna úrbóta í aðgengismálum við leikskóla, leikvelli, ramp við tónlistarskólann og göngustíga sveitarfélagsins. Flestar framkvæmdirnar fólu í sér jarðvegsvinnu m.a. með jarðvegsskiptum, lagningu gervigrass, fjarlægja tré og gróður, lagningu gúmmígrasmottna og jafna göngustíga. Rampurinn við tónlistarskólann var hættulegur í frosti og snjó og því var farið í að setja snjóbræðslulagnir undir rampinn til að bæta aðgengi. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 32.229.079 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli b. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Seltjarnarness á tímabilinu 2025-2026 geti numið 6.442.059 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema hámarksframlagi að fjárhæð 6.442.059 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu og var starfsmanni falið að vinna málið áfram.

17. Breyting á reglugerð Fasteignasjóðs

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að breytingu á reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin breytingar á reglugerð nr. 280/2021. Starfsmanni var falið að skrifa minnisblað til ráðherra og birta reglugerðarbreytingar í samráðsgátt.

18. Framtíðarhópur

Lagt var fram til kynningar og umfjöllunar drög að samkomulagi félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

19. Áætlun um fundi ráðgjafarnefndar árið 2026

Fundaráætlun fyrir 2026 liggur fyrir. Örlitlar breytingar verða á fyrirhuguðum fundardögum. Næsti fundur verður 30. janúar.

Önnur mál

Dan Jens Brynjarsson ræddi ársuppgjör sveitarfélaga sem mun vera fyrr en vanalega vegna sveitarstjórnarkosninga í maí 2026. Ríkið sé oft seint að koma ýmsum mikilvægum upplýsingum til

sveitarfélaganna og falla upplýsingar frá Jöfnunarsjóði þar undir. Brýnt sé að koma upplýsingum sem allra fyrst til sveitarfélaganna.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 13:47.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir